

Sp. 218. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð ríkisins fyrir rafveitu Húsavíkur.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupþún allt að 800000 — átta hundruð þúsund — króna lán til að stækka rafveitu Húsavíkur.

G r e i n a r g e r ð .

Húsavík hefur fyrir allöngu byggt litla rafveitu við læk, sem fellur gegnum kaupþúnið, en sú rafveita varð að heita mátti þegar í stað ónóg fyrir Húsvíkinga nema til ljósa. Þegar Akureyri réðst í, með ábyrgð ríkissjóðs, að reisa og síðan stækka rafstöð í Þingeyjarsýslu, við Laxárfossa, varð það að samkomulagi milli bæjarstjórnar Akureyrar og hreppsnefndar Húsavíkur, að Húsvíkingar gætu fengið frá Laxárvirkjuninni allt að 1000 hestöfl. Nú eru vélar til stækkunarinnar að koma til Húsavíkur, og verður innan skamms fullgengið frá þeirri viðbót. Þá skortir aðeins línu til Húsavíkur og nokkrar breytingar á línukerfinu í kaupþúninu. Allir kaupstaðir og öll kaupþún á Íslandi, sem reist hafa rafstöðvar, hafa fengið til þess ríkisábyrgð. Húsavík þarf slíkrar ábyrgðar. En þar sem allmikill skoðanamunur ríkir enn í þinginu um það, hvert skipulag verður haft um eign og yfirstjórn á rafveitum landsins, hefur hreppsnefnd Húsavíkur tekið af allan vafa um afstöðu sína í þessu efni. Ef rafveitur frá Laxá verða yfirleitt ríkisfyrirtæki, vill Húsavík fyrir sitt leyti, að rafveita kaupþúnsins gangi sem einn þáttur inn í það kerfi.

Fylgiskjal.

Símskeyti frá hreppsnefnd Húsavíkurhrepps.

Alþingismaður Jónas Jónsson, Hávallagötu 24, Rvík.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps lýsir yfir því, að hún mun, ef ríkið tekur á sig umbeðna ábyrgð vegna rafveitu Húsavíkur, ekki neita því, að ríkið reki rafveituna, verði það fyrirkomulag almennt upp tekið í landinu.

Hreppsnefndin í Húsavíkurhreppi.

Karl Kristjánsson. Þórhallur Sigtryggsson. Einar Guðjohnsen. Júl. Havsteen.
Þráinn Mariasson. Ásgeir Kristjánsson. Þór Pétursson.